



**Byggðaráð Blönduósþæjar - 54. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 15. mars 2016
og hófst kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Zophonías Ari Lárusson formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson varaformaður, Oddný María Gunnarsdóttir aðalmaður og Ágúst Þór Bragason ritari.

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason, ritari

Dagskrá:

1. Norðurá bs - fundargerð dags. 8. maí 2015 - 1603016

Fundargerð Norðurá bs var lögð fram til kynningar.

2. Norðurá bs - fundargerð dags. 11. september 2015 - 1603017

Fundargerð Norðurá bs lögð fram til kynningar.

3. Norðurá bs - fundargerð dags. 2. október 2015 - 1603018

Fundargerð Norðurá bs lögð fram til kynningar.

4. Norðurá bs - dags. 9. október 2015 – 1603019

Fundargerð Norðurá bs lögð fram til kynningar

5. Framkvæmdir 2016 – 1508022

Farið var yfir undirbúning framkvæmda ársins. Verið er að vinna við endurbætur á 2 íbúðum í Hnjúkabyggð 27. Lögð voru fram tilboð í innréttingar vegna íbúðanna og var samþykkt að fela tæknideild að semja við verkataka um innréttingar og að ljúka framkvæmdum við íbúðirnar sem fyrst. Þá voru ræddar viðgerðir á Hnjúkabyggð 27 þar sem fyrirhugaðar eru verulegar framkvæmdir við lagfæringar á húsinu að utan. Stefnt er að framkvæmdum fyrir allt að 25 milljónum í ár. Byggðaráð samþykkir að taka þátt í framkvæmdunum en eignarhluti Blönduósþæjar er rúm 70%. Þá voru kynntar tillögur að endurbótum á eldhúsi og starfsmannaaðstöðu í Félagsheimlinu. Byggðaráð samþykkir að vísa framkvæmdunum til gerðar fjárhagsáætlunar 2017 en að öllum undirbúningi að framkvæmdunum verði lokið á þessu ári og stefnt að framkvæmdum í lok þessa árs og byrjun næsta árs. Búið er að panta efni vegna framkvæmda í Blönduskóla og á það að vera komið í vor áður en framkvæmdir hefjast.

6. Upplýsingamiðstöð – 1603021

Kynnt drög að kostnaðaráætlun vegna starfsmanna við rekstur upplýsingamiðstöðvar. Samþykkt að senda tillögu á nágrennasveitarfélögin um að þau komi með formlegum hætti að samstarfi um rekstur upplýsingamiðstöðvar.



Byggðaráð

7. Reglur leikskólans Barnabæjar, erindi frá sveitarstjóra - 1505002

Farið var yfir vinnu sem unnin hefur verið í að semja og setja saman reglur fyrir leikskólann Barnabæ.

Byggðaráð samþykkir reglurnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00

Zophonías Ari Lárusson

Guðmundur Haukur Jakobsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Ágúst Þór Bragason
